

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Fuglavernd gerir sér grein fyrir því að með vindmyllum megi framleiða rafmagn á umhverfisvænan máta. Jafnframt er ljóst að staðsetning vindmyllugarða er vandmeðfarin þar sem vindmyllur sem slíkar eru lýti í landslagi og geta verið ógn við fugla. Í ljósi þessa hvetur Fuglavernd stjórnvöld að marka þau svæði þar sem vindmyllugarðar koma til greina og jafnframt að gera kröfur um vönduð vinnubrögð við mat á mögulegum áhrifum einstakra garða á fuglalíf. Fuglavernd telur að undir engum kringumstæðum eigi að heimila vindmyllugarða á eða við mikilvæg fuglasvæði (sjá <https://www.ni.is/frettir/2017/07/mikilvaeg-fuglasvaedi-a-islandi>) eða í farleiðum fugla.

Reykjavík 16.01.2020

**F. hönd stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri**

